

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 87/2011****2011/EES/54/29****frá 1. júlí 2011****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2011 frá 20. maí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/149/ESB frá 7. mars 2011 um fyrri losun frá flugi samkvæmt 4. mgr. 3. gr. c í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/ESB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins <sup>(2)</sup>.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í samræmi við aðlögunarlið bb í lið 21al (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB) í XX. viðauka við samninginn lagt fram tölur um fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og frá flugsamgöngum á milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa. Þessar tölur hafa verið ákvarðaðar í samvinnu við Evrópustofnunina um öryggi flugleiðsögu með því að beita sömu aðferðum og voru notaðar til að reikna út fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan ESB.
- 4) Samkvæmt sama aðlögunarlið skal sameiginlega EES-nefndin ákveða fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan EES með því að bæta losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og frá flugsamgöngum milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa við fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan ESB sem kemur fram í 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/149/ESB.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21apa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21apb. **32011 D 0149**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/149/ESB frá 7. mars 2011 um fyrri losun frá flugi samkvæmt 4. mgr. 3. gr. c í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/ESB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2011, bls. 42).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 1. gr.:

„Fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan og milli yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og frá flugsamgöngum milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa eru ákveðin 1 943 935 tonn af CO<sub>2</sub>.

Fyrri losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan EES er ákveðin 221 420 279 tonn af CO<sub>2</sub>.““

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/149/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 39, og EES-viðbætur nr. 43, 28.7.2011, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 61, 8.3.2011, bls. 42.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.